Sýnir breytingar gerðar á tímabilinu 1. ágúst 2015 til 1. okt. 2015
af rg.nr. 667/2015 og 863/2015 (Dags. skjals 24. júní 2025)

# REGLUGERÐ

**um frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta.**

1. gr.

*Markmið.*

Markmið reglugerðar þessarar er að koma á frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta. Frammistöðukerfið skal stuðla að sjálfbærri þróun flugsamgöngukerfisins með því að bæta heildarskilvirkni flugleiðsöguþjónustu á meginsviðum frammistöðu, þ.e. öryggis, umhverfis, afkastagetu og kostnaðarhagkvæmni.

2. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um loftrými Alþjóðaflugmálastofnunarinnar innan Evrópusvæðis (ICAO EUR) og Afríku- og Indlandshafssvæðis (ICAO AFI) þar sem aðildarríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eru ábyrg fyrir því að veita flugumferðarþjónustu.

3. gr.

*Lögbært yfirvald.*

Hið lögbæra yfirvald samkvæmt reglugerð þessari er Samgöngustofa sem sér um eftirlit með framkvæmd hennar.

4. gr.

*Innleiðing.*

Með reglugerð þessari öðlast gildi ~~eftirfarandi~~ hér ~~reglugerðir~~ á landi reglugerð (ESB) nr. 390/2013 frá 3. maí 2013 um frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 291/2014 frá 12. desember 2014, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 8 frá 5. febrúar 2015, bls. 728 með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XIII. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum hans~~:~~.

a. ~~Reglugerð~~ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. ~~691~~ 970/~~2010~~ 2014 frá ~~29~~ 12. ~~júlí~~ september ~~2010 um frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta og~~ 2014 um breytingu á reglugerð (~~EB~~ ESB) nr. ~~2096~~ 677/~~2005~~ 2011 um ~~sameiginlegar~~ ítarlegar ~~kröfur~~ reglur ~~vegna~~ um ~~veitingar~~ framkvæmd ~~þjónustu~~ í ~~á~~ tengslum ~~sviði~~ við ~~flugleiðsögu~~ starfsemi neta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. ~~229~~ 113 frá ~~13~~ 30. ~~desember~~ apríl ~~2013~~ 2015, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. ~~4~~ 34 frá ~~23. janúar 2014, bls. 370.~~

b. ~~Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1216/2011 frá 24. nóvember 2011 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 691/2010 um frammistöðukerfi fyrir flugleiðsöguþjónustu og starfsemi neta, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229 frá 13. desember 2013, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 4 frá 23. janúar 2014, bls. 392.~~

c. ~~Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 677/2011 frá 7. júlí 2011 um nákvæmar reglur fyrir innleiðingu á netaðgerðum rekstrarstjórnunar flugumferðar og um breytingar á reglugerð nr. 691/2010, samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2014 frá 27~~ 18. júní ~~2014 um breytingu á XIII~~ 2015. ~~viðauka við EES-samninginn, birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 54 frá 25. september 2014, bls. 523.~~

5. gr.
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. mgr. 57. gr. a, sbr. 145. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, með síðari breytingum og öðlast gildi 1. janúar 2015.

- ~~Innanríkisráðuneytinu, 18. desember 2014.~~ -

- ~~Ólöf Nordal.~~ -

- ~~Ragnhildur Hjaltadóttir.~~ -

**Fyrirvari**
Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.
Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.